



Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Reykjavík, 7. október 2022
202209226
14.2

Eftirlit HMS og upplýsingaskylda eigenda almennra íbúða skv. lögum nr. 52/2016 um almennar íbúðir.

Vísað er til samnings Garðabæjar við Íbúðalánasjóð, nú Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) á grundvelli laga um almennar íbúðir nr. 52/2016 og reglugerðar nr. 183/2020 um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfsseignarstofnanir og almennar íbúðir, áður reglugerð nr. 555/2016.

Fjallað er um eftirlit og upplýsingaskyldu eigenda almennra íbúða í 23. gr. laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, sbr. einkum 1.-3. mgr. 23. gr.¹ og 31. gr. reglugerðar nr. 183/2020. Jafnframt er fjallað um eftirlit og upplýsingaskyldu eigenda almennra íbúða í samningum HMS um stofnframlög.

Með vísan til framangreinds óskar HMS eftir því að eftirfarandi upplýsingar og gögn verði send stofnuninni fyrir 1. nóvember nk., hafi þau ekki þegar verið send:

- Staðfestan ársreikning fyrir 2021, ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda og upplýsingum um hvenær ársreikningurinn var samþykktur.
- Skýrslu og önnur gögn um rekstur, uppgjör, notkun og fjármögnun almennu íbúðanna, m.a. um kaup og byggingu, úthlutun þeirra, ákvörðun leigufjárhæðar, tekjuviðmið, gildandi samþykktir, reglur eða upplýsingar/önnur gögn sem stofnframlagshafi telur rétt að leggja fram vegna erindis þessa. Almennt skal miðað við að greinargerðin sé ekki lengri en 2-3 bls. að undanskildum fylgigögnum.
- Upplýsingar um tengilið við HMS vegna stofnframlaga.

Telji HMS þörf á ítarlegri upplýsingum eða gögnum mun stofnunin óska eftir þeim. Í framhaldinu verður boðað til fundar vegna erindis þessa. Nánari upplýsingar veita starfsmenn stofnframlaga HMS. Fyrirspurnir og gögn má senda á netfangið stofnframlag@hms.is.

Virðingarfyllt,
f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar


Hervör Pálsdóttir

¹ 23. gr. Eftirlit og upplýsingaskylda eigenda almennra íbúða.

[Húsnæðis- og mannvirkjastofnun] ¹⁾ hefur eftirlit með húsnæðissjálfsseignarstofnunum, almennum íbúðum í eigu sveitarfélaga og almennum íbúðum í eigu annarra lögaðila samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Eigendur almennra íbúða skulu árlega senda [Húsnæðis- og mannvirkjastofnun] ¹⁾ og því sveitarfélagi sem veitt hefur stofnframlög vegna íbúðanna, hafi þau ekki verið endurgreidd, ársreikning sinn, ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda og upplýsingum um hvenær ársreikningurinn var samþykktur, auk skýrslu um rekstur íbúðanna þar sem skal m.a. fjalla um kaup og byggingu almennra íbúða, úthlutun almennra íbúða og ákvörðun leigufjárhæðar. Í kjölfar skilanna skal [Húsnæðis- og mannvirkjastofnun] ¹⁾ eiga árlegan fund með hverjum eiganda almennrar íbúðar þar sem fjallað skal um málefni er varða íbúðir í eigu aðilans. Birta skal fundargerð fundarins á vef [Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar]. ¹⁾

[Húsnæðis- og mannvirkjastofnun] ¹⁾ getur krafið húsnæðissjálfsseignarstofnanir, sveitarfélög og lögaðila sem fengið hafa stofnframlög um ítarlegri upplýsingar um rekstur viðkomandi íbúða, þ.m.t. bókhaldsgögn. Sveitarfélag getur krafist sömu upplýsinga af húsnæðissjálfsseignarstofnunum og leigufélögum sem það hefur veitt stofnframlag.